

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. mars 2022

Mál nr. E-4592/2021:

A

(Jón Stefán Hjaltalín Einarsson lögmaður)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Olgeir Þór Marinósson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 17. febrúar 2022, var höfðað 16. september 2021 af A á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, til viðurkenningar á bótaskyldu vegna afleiðinga slyss þann [...].

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi, bótaskylda stefnda, Sjóvá-Almennra trygginga hf., úr frjálsri ábyrgðartryggingu gistiheimilisins X vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í gistiheimilinu að [...] í Y, þann [...]. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað sér að skaðlausu með hliðsjón af málskostnaðarreikningi, auk virðisaukaskatts, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og krefst þess að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess að krafa stefnanda verði aðeins viðurkennd að hluta og að málskostnaður falli þá niður.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Stefnandi vann við þrif á gistiheimili Z í Y þegar hann varð fyrir slysi þann [...]. Gistiheimilið er rekið af félaginu X, sem var með frjálsa ábyrgðartryggingu í gildi hjá stefnda á slysdegi.

Tildrögum slyssins er svo lýst í stefnu að þegar stefnandi hafði lokið við þrif á efri hæð gistiheimilisins og ætlaði að fara niður stiga á fyrstu hæðina rak hann fót sinn í járnlista, sem váttryggingartaki hafði komið fyrir á samskeytum efsta þreps stigans og gólfsins á efri hæð gistiheimilisins, með þeim afleiðingum að hann datt fram fyrir sig og niður stigann. Við fallið hafi hann náð að bera hendurnar fyrir sig, en hafi við það orðið fyrir líkamstjóni á hægri hendi. Hann hafi þegar í kjölfar slyssins leitað á sjúkrahúsið á Þ, þar sem staðfest hafi verið brot á hægri úlnlið. Læknir ritaði samdægurs vottorð til atvinnurekanda um óvinnufærni stefnanda tímabilið frá [...] til [...].

Stefnandi tilkynnti um slysið til stefnda með tjónstilkynningu, dags. [...]. Bótaskylda var viðurkennd úr slysatryggingu launþega sem vátryggingartaki var með í gildi hjá stefnda á slysdegi. Samkvæmt matsgerð bæklunar- og handarskurðlæknis, dags. [...], sem aflað var af stefnda, eru afleiðingar slyssins varanlegar og fór uppgjör bóta úr slysatryggingu launþega fram þann [...].

Stefnandi gerði kröfu í frjálsa ábyrgðartryggingu vátryggingartaka hjá stefnda með tölvupósti lögmanns stefnanda til stefnda, dags. [...], og með bréfi, dags. [...]. Bótaskyldu var hafnað af stefnda með tölvupósti þann [...] með vísan til upplýsinga frá vátryggingartaka um atvik og orsakir slyssins og aðstæður í húsnæðinu. Í greinargerð stefnda í málinu er um atvik vísað til greinargerðar eiganda vátryggingartaka og sagt að slysið hafi viljað þannig til að stefnandi hafi gengið aftur á bak að stiganum. Hann hafi ekki gætt að því hve langt hann var kominn og hafi fallið aftur fyrir sig niður stigann.

Stefnandi vildi ekki sætta sig við höfnun bótaskyldu og vísaði ágreiningnum til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Í álitni nefndarinnar [...] kemur fram að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að aðstæður á vinnustað hans hafi á einhvern hátt verið óforsvaranlegar og að það hafi leitt til slyssins og því ætti hann ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vátryggingartaka hjá stefnda. Af hálfu stefnanda var óskað eftir því [...] að stefndi endurskoðaði afstöðu sína varðandi bótaskyldu með vísan til gagna sem aflað hefði verið um úttekt Heilbrigðiseftirlits Æ á húsnæðinu [...] og upplýsinga frá Vinnueftirliti ríkisins um að vinnustaðurinn hefði fyrst verið skoðaður af þeirra hálfu í [...]. Í svari stefnda í tölvupósti, dags [...], var höfnun á bótaskyldu stefnda vegna slyssins ítrekuð. Snýst ágreiningur aðila máls þessa um bótaskyldu stefnda vegna slyssins.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi skýrslu með aðstoð túlks og maki hans bar þar vitni, einnig með aðstoð túlks. Þá kom fyrir dóminn og bar vitni eigandi og fyrirvarismaður vátryggingartaka.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Dómkrafa stefnanda á hendur stefnda styðst við 1. málslíð 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Byggist krafan á því að vátryggingartaki hafi sýnt af sér skaðabótaskylda háttsemi með því að koma fyrir járnlista á gólfi við efsta þrep stiga á gistiheimilinu, vinnustað stefnanda, með óforsvaranlegum hætti þannig að slyshætta stafaði af. Stefnandi hafi rekið fót sinn í járnlistann, við það hafi hann fallið niður stigann og orðið fyrir líkamstjóni. Í skýrslu vátryggingartaka til stefnda vegna slyssins, dags. [...], sé orsök slyssins talin vera sú sama, þ.e. að stefnandi hafi rekið fótinn í.

Líkamstjón stefnanda verði rakið til óforsvaranlegs aðbúnaðar á vinnustaðnum, enda hafi vátryggingartaki komið umræddum lista fyrir í gangveginum við stigann og skapað þannig viðvarandi slyshættu, á þann hátt að í bága fari við ákvæði laga nr.

46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlög), einkum ákvæði 13., 21., 23., 37., 42., 79. og 81. gr. laganna, ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010 og ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012, einkum ákvæði 1. mgr. 6.4.6. gr. og 1. mgr. 12.2.2. gr., sbr. 1. mgr. 60. gr. mannvirkjalaga.

Þá hafi váttryggingartaki átt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins án tafar í samræmi við 1. mgr. 79. gr. vinnuverndarlaga þar sem fullvíst hafi verið að stefnandi yrði óvinnufær í einn dag eða fleiri. Samkvæmt 2. málslíð sömu greinar skuli vinnuveitandi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins innan sólarhrings þau slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Í athugasemdum við 1. mgr. 79. gr., sbr. 37. gr., laga nr. 68/2003 um breytingu á vinnuverndarlögum, segi: „Með langvinnu eða varanlegu heilsutjóni er meðal annars átt við tilvik þar sem hinn slasaði missir útlím eða hluta af útlím, beinbrotnar, fer úr lið, fær meiri háttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða mengun.“ Þær aðstæður hafi átt við í þessu tilviki, enda þegar orðið ljóst við fyrstu komu á sjúkrahúsið á Þ að slys stefnanda yrði langvinnt þar sem um beinbrot hafi verið að ræða. Læknir hafi ritað vottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista strax á slysdegi fyrir tímabilið [...].

Tilkynning um slysið hafi verið var móttækin af Vinnueftirlitinu [...] um tveimur mánuðum eftir slysið. Þá hafi verið of seint fyrir Vinnueftirlitið að sinna þeirri skyldu sinni, sem mælt sé fyrir um í 81. gr. vinnuverndarlaga, að rannsaka skuli slys sem tilkynnt er um skv. 79. gr. laganna. Þar sé einnig mælt fyrir um að óheimilt sé að breyta aðstæðum á slysstað áður en vettvangskönnun hafi farið fram.

Í kafla 12.1.9 í skýrslu vegna reglubundinnar skoðunar heilbrigðiseftirlits Æ, dags. 26. ágúst 2020, megi sjá að listinn hafði verði fjarlægður, en þar segi jafnframt að „Bæta (sic) þarf betur frá parketi á efrihæð (sic) í austurhluta gistingar“. Af myndum í skýrslunni af umræddum stiga megi sjá að dúkur sé á sjálfum tröppunum og frágangi hans háttað þannig að járnlistar séu á brík hvernar tröppu. Umræddir listar séu þar vegna frágangs á dúkalögninni og sé sá frágangur allt annar en við endann á gólfi annarrar hæðarinnar, þar sem parket hafi verið lagt og járnlistinn umræddi hafi verið. Sjá megi af sömu myndum að frágangi á parketinu hafi ekki verið lokið er myndirnar voru teknar.

Í 1. mgr. 6.4.6. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, þar sem fjallað sé um stiga, tröppur og þrep, segi að stigar og tröppur bygginga skuli hannaðar og byggðar þannig að þær séu öruggar fyrir notanda og þægilegar til gangs og þannig gerðar að hættu á slysum sé haldið í lágmarki.

Sú ákvörðun váttryggingartaka að gera umræddar breytingar á húsnæðinu, m.a. að setja járnlistann á bríkina á parketinu við efri hæðina með þeim hætti sem gert hafi verið, hafi verið til þess fallin að auka slyshættu við stigann. Enda segi váttryggingartaki sjálfur í greinargerð sinni að húsið hafi verið í notkun frá árinu [...] og slíkt hafi aldrei gerst

áður svo vitað sé, þ.e. að einhver hafi fallið niður umræddan stiga. Í greinargerðinni segi váttryggingartaki jafnframt að listinn hafi verið settur á stigaskörina af honum, en það hafi í fyrsta lagi verið árið [...] þegar gistiheimilið hóf rekstur. Það hafi þá í fyrsta lagi verið það ár sem umrædd hætta hafi skapast á gólfinu við stigann.

Í 1. mgr. 12.2.2. gr. byggingarreglugerðarinnar segi að gengið skuli þannig frá yfirborði gólfflata í umferðarleiðum bygginga að ekki sé hætta á að fólk hrasi eða detti. Bæði þessi ákvæði reglugerðarinnar hafi verið brotin með því að setja listann á bríkina á parketinu, enda hafi hann staðið upp úr gólfinu þar sem það mæti stiganum og sé þannig á versta mögulega stað sé frágangur ekki nægilega vandaður. Váttryggingartaki segi í greinargerð sinni að listinn hafi verið límdur kyrfilega niður, en á mynd stefnanda af slysstað á slysdag, sjáist að bil sé á milli gólfsins og listans.

Váttryggingartaki hafi fjarlægt listann í síðasta lagi þegar úttekt Heilbrigðiseftirlits Æ hafi farið fram [...], eins og sjáist á mynd í skýrslu þess. Váttryggingartaki hafi ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins um slysið innan þeirra tímamarka sem honum hafi borið skylda til samkvæmt 1. mgr. 79. gr. vinnuverndarlaga, því hafi stofnunin ekki getað sinnt þeirri rannsóknarskyldu sinni sem mælt sé fyrir um í 81. gr. laganna og vanræksla vinnuveitandans á tilkynningarskyldu hafi leitt til þess að rannsókn á slysinu af hálfu vinnueftirlits hafi aldrei farið fram. Því hvíli sönnunarbyrði varðandi fullnægjandi frágang stigans á slysdegi, lögum samkvæmt, á stefnda, en stefnandi hafi sýnt fram á að frágangur stigans sé ekki í samræmi við lýsingu váttryggingartaka. Það sé atvinnurekandi, eða fulltrúi atvinnurekanda, sem tryggja skuli öryggi og góðan aðbúnað á vinnustað, sbr. 13., 21. og 23. gr. vinnuverndarlaga. Í 42. gr. sömu laga segi um vinnustaði, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og að fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varði aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Allar frásagnir af tildrögum og orsökum slyssins, sem stefndi byggi ákvörðun sína á, stafi einhliða frá váttryggingartaka, einkum greinargerð hans. Stefnandi sé frá [...] og tali litla ensku og enga íslensku. Hann hafi hvergi komið nærri lýsingum váttryggingartaka af tildrögum, orsökum og aðstæðum á slysstað á slysdegi og margt sem komi fram í greinargerð váttryggingartaka sé beinlínis rangt, til að mynda lýsing hans af frágangi stigans sem og fullyrðingar hans um úttektir sem aldrei hafi farið fram.

Stefnanda hafi aldrei verið gefinn kostur á því að afla sönnunar um þá orsök slyssins að frágangur járnlistans við stigabríkina á annarri hæð hafi ekki verið forsvaranlegur að lögum. Það hafi verið ástæða þess að hann hafi rekið tána í járnlistann, eins og hann hafi lýst við fyrstu komu á sjúkrahúsið á Þ, og hafi fallið niður stigann með framangreindum líkamlegum afleiðingum.

Til stuðnings kröfum sínum vísi stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns, einkum sakarreglunnar, svo og ákvæða

skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá vísi stefnandi einnig til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum, einkum ákvæða 13., 21., 23., 37., 42., 1. mgr. 79. gr. og 81. gr. laganna, laga nr. 2010/2016 um mannvirki, byggingarreglugerðar nr. 112/2012, einkum ákvæða 1. mgr. 6.4.6. gr. um stiga og tröppur bygginga og 1. mgr. 12.2.2. gr. og 1. másl. 2. mgr. sömu greinar um yfirborð gólfhlata.

Um aðild og kröfu á hendur stefnda vísist til 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, kröfu um málskostnað byggi stefnandi á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum XXI. kafla þeirra, og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi telur ósannað að slys stefnanda [...] verði rakið til saknæms vanbúnaðar á fasteign váttryggingartaka eins og haldið sé fram í stefnu, heldur verði það einungis rakið til óhappatilviljunar og að hluta til gáleysis stefnanda sjálfs.

Stefndi mótmæli því sem röngu og ósönnuðu að frágangur á stiga þeim sem stefnandi féll niður hafi verið óforsvaranlegur og það hafi verið orsök slyss stefnanda. Þvert á móti hafi frágangur og umgjörð stigans uppfyllt að fullu þær kröfur sem gerðar séu til veitinga- og gistihúsa. Stiginn sé með handriði beggja vegna og állisti sem sé límdur á brún gólfsins fyrir ofan stigann hafi aðeins verið 1-2 mm þykkur og hafi því enga slyshættu skapað ef þeir sem færu um stigann sýndu af sér eðlilega varkárni. Frágangslistar og tröppunef séu oft mun hærra frá gólfi en állistinn við umræddan stiga án þess að af því sé talin stafa slyshætta enda verði menn sem ganga upp og niður stiga að sýna eðlilega aðgát og varkárni.

Gistihús Z, þar sem stefnandi vann þegar slysið varð, hafi uppfyllt öll skilyrði starfsleyfis til reksturs gistihúss, sbr. leyfi Sýslumannsins á Æ og Heilbrigðiseftirlits Æ. Ströng skilyrði séu sett fyrir rekstri gistihúss og hafi gistihús Z uppfyllt þau öll. Engin athugasemd hafi verið gerð við frágang umrædds stiga af eftirlitsaðilum, hvorki við veitingu starfsleyfis [...] né síðar.

Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu að frágangur umrædds stiga í gistihúsi Z hafi ekki uppfyllt ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012, laga um mannvirki nr. 160/2010 eða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Það hvernig frágangur stigans eigi að hafa brotið í bága við öll þau ákvæði byggingarreglugerðar eða laga nr. 160/2010 og 46/1980 sem talin séu upp í stefnu sé ekkert rökstutt heldur einungis vísað til almenns orðalags um að hönnun og smíði mannvirkja eigi að vera þannig úr garði gerð að hún skapi sem minnsta hættu svo slysum verði haldið í lágmarki.

Frágangur umrædds stiga hafi verið þannig úr garði gerður að hann skapaði sem minnsta hættu fyrir þá sem um hann fara. Handrið sé beggja vegna við stigann og állistinn

á brún gólfsins við stigann hafi verið mjög þunnur. Um sé að ræða stiga í gistihúsi í Y sem verið hafi nánast fullt allar nætur frá opnun [...] þar til dregið hafi úr komum ferðamanna hingað til lands [...]. Þúsundir manna hafi því gengið upp og niður umræddan stiga fyrir og eftir slys stefnanda án þess að hrasa eða detta í stiganum. Slys stefnanda sé eina slysið sem vitað sé til að hafi orðið í umræddum stiga, fyrr eða síðar.

Samkvæmt upplýsingum váttryggingartaka hafi stefnandi verið að vinna við þrif í gistihúsinu á slysdegi og hafi því þann dag, eins og aðra daga sem hann hafi verið við vinnu, gengið upp og niður umræddan stiga án vandkvæða. Slysið hafi orðið þegar stefnandi hafi gengið aftur á bak að stiganum án þess að gæta að sér með þeim afleiðingum að hann féll niður stigann. Þessi lýsing vinnuveitanda stefnanda eigi sér stoð í lýsingu stefnanda sjálfs í tilkynningu hans um slysið til Sjúkratrygginga Íslands. Tilkynnt hafi verið um slysið til SÍ þann [...] en skömmu seinna hafi stefnandi skilað nýrri tilkynningu með sömu dagsetningu en breyttri lýsingu á slysinu. Þar hafi hann sagst hafa verið að skúra á efri hæð og hafa ætlað að skúra niður stigann þegar hann hafi rekið hælinn í lausa brík og fallið aftur á bak niður stigann. Stefnandi geti ekki hafa fallið aftur á bak niður stigann án þess að hafa snúið bakinu að stiganum þegar hann gekk að honum og slysið verði því einungis rakið til aðgæsluleysis hans.

Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu að umræddur állisti hafi verið laus frá gólfinu á slysdegi. Hefði hann verið laus þá sé einnig ósannað að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi vitað af því og vanrækt að festa hann niður að nýju. Skoðunarskýrsla Heilbrigðiseftirlits Æ [...] hafi ekkert sönnunargildi um frágang og aðbúnað við umræddan stiga á slysdegi. Skýrslan sé gerð rúmlega einu og hálfu ári eftir slys stefnanda. Hún hafi ekki verið gerð í tilefni af slysinu heldur sé um að ræða hefðbundið eftirlit heilbrigðiseftirlits og ekkert sé minnst á umræddan stiga í skýrslunni.

Ódagsettar myndir sem stefnandi leggi fram hafi ekki sönnunargildi um aðstæður á slyssað á slysdegi og því sé mótmælt að sönnunarbyrði um atvik slyssins hafi á einhvern hátt snúist við. Slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins viku eftir slysið [...]. Váttryggingartaki hafi þannig uppfyllt skyldu sína samkvæmt 2. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Váttryggingartaki geti ekki borið ábyrgð á því að Vinnueftirlit ríkisins vanræki skyldu sína samkvæmt 2. mgr. 81. gr. nr. 46/1980 til að rannsaka aðstæður á slyssað. Jafnvel þó að vinnueftirlitinu hafi ekki borist tilkynningin fyrr en [...] verði ekki séð að það hefði komið að sök eða haft nokkur áhrif á sönnunarstöðu ef það hefði þá rannsakað aðstæður slyssins, sama starfsfólk hafi verið á staðnum og aðstæður óbreyttar. Því sé ekki unnt að fallast á að váttryggingartaki skuli við mat á sönnun um málsatvik bera hallann af því að vinnueftirlitið hafi látið hjá líða að rannsaka slysið. Stefnandi beri eftir sem áður sönnunarbyrðina um að slys hans verði rakið til saknæms vanbúnaðar sem

vátryggingartaki hafi getað borið ábyrgð á eða saknæmra mistaka annarra starfsmanna vátryggingartaka.

Verði fallist á að slys stefnda verði rakið til saknæms vanbúnaðar á fasteign stefnanda krefst stefndi þess að bótaskylda verði aðeins viðurkennd að hluta þar sem stefnandi hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi með því að ganga aftur á bak að stiganum án þess að gæta nægilega vel að sér.

Um lagarök vísi stefndi einkum til reglna skaðabótaréttar um sönnun tjóns og sönnunarbyrði. Þá sé vísað til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglna sem leiða af þeim lögum og til skaðabótalaga nr. 50/1993. Um málskostnað sé vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um skaðabótaábyrgð vátryggingartaka á slysi stefnanda er hann féll niður stiga á vinnustað sínum [...]. Krafist er viðurkenningar á bótaskyldu stefnda, en óumdeilt er að stefnandi varð fyrir varanlegu líkamstjóni í slysinu.

Stefnandi lýsti slysinu og tildrögum þess í skýrslu fyrir dómi með aðstoð túlks. Kvaðst hann hafa rekið tána í gólflista og dottið fram fyrir sig niður stiga. Hann kvaðst hafa borið fyrir sig hægri hönd í fallinu með þeim afleiðingum að bein brotnaði. Engin vitni voru að slysinu, en stefnandi leitaði þegar til maka síns sem var þá við vinnu í veitingahúsi vátryggingartaka og með aðstoð framkvæmdastjóra á vinnustaðnum var farið með hann til læknis. Maki stefnanda, sem bar vitni fyrir dómi með aðstoð túlks, kvaðst hafa tekið þær tvær ljósmyndir, sem lagðar eru fram í málinu og sýna umræddan stiga og gólflista, sama dag og slysið varð. Í læknisvottorði slysa- og bráðamóttöku[...] kemur fram að stefnandi lýsi slysi þannig að hann hafi verið að ganga niður stiga þegar hann reki tána í járn og detti fram fyrir sig. Í tilkynningu stefnanda um slysið til stefnda [...] segir á ensku „I tripped on the stairs (between 12 and 15 stairs) falling and breaking the bone on the right arm“. Tilkynninguna kvaðst stefnandi fyrir dómi sjálfur hafa fyllt út með aðstoð maka síns.

Í tilkynningu vinnuveitanda stefnanda til stefnda [...], sem sá starfsmaður vátryggingartaka sem stefnanda kom til aðstoðar eftir slysið undirritaði, segir að stefnandi hafi hrasað og dottið niður stiga. Meðal gagna málsins eru tvær aðrar tilkynningar frá sama starfsmanni, [...] annars vegar til vinnueftirlitsins, þar sem segir að starfsmaður hafi dottið niður stiga, og hins vegar til Sjúkratrygginga Íslands, þar sem segir að stefnandi hafi verið við vinnu er hann hrasaði og við það hafi hann dottið niður stiga milli hæða. Við síðastnefnda tilkynningu var síðar bætt texta frá lögmanni stefnanda, þar sem segir að stefnandi hafi ætlað að skúra niður stiga milli hæða en hafi rekið hæl á skó í lausa brík á efsta þrepi þegar hann hafi ætlað að stíga niður í þrep og hafi þá dottið aftur fyrir sig niður stigann.

Eigandi váttryggingartaka lýsti í greinargerð slysinu svo fyrir stefnda að stefnandi hafi fallið aftur fyrir sig og byggir stefndi á því í málinu að slysið hafi viljað þannig til. Í vitnaskýrslu eigandans fyrir dómi kom fram að hún hefði ekki verið á staðnum þegar slysið varð og hefði ekki komið að fyrrnefndum tilkynningum af hálfu vinnuveitanda um slysið eða atvik þess. Stefnandi kannast ekki við að hafa dottið aftur fyrir sig og tók fram í skýrslu sinni fyrir dómi að frásögn um slíkt gæti byggst á tungumálaörðugleikum. Lögmaður stefnanda upplýsti við málflutning að hann hefði rætt við stefnanda án þess að hafa túlk og að sú viðbót sem hann hafi gert á tilkynningu til sjúkratrygginga um fall afturábak hafi byggst á hans misskilningi. Að þessu virtu og gögnum málsins verður ekki séð að staðhæfing stefnda um að stefnandi hafi fallið aftur fyrir sig byggji á neinu öðru en túlkun lögmanns stefnanda á frásögn hans. Verður frásögn stefnanda sjálfs um að hann hafi rekið ták, en ekki hæl, í listann og fallið fram fyrir sig lögð til grundvallar í málinu.

Samkvæmt því sem kom fram í svörum eiganda váttryggingartaka í vitnaskýrslu fyrir dómi og málflutningi lögmanns stefnda var við dómtöku málsins óumdeilt að tvær ljósmyndir af slysstað, sem fyrir liggja í málinu og maki stefnanda tók, sýni vettvang eins og hann var þegar eftir að slysið varð. Stefnandi telur að þær aðstæður sem myndirnar sýna hafi verið hættulegar og óforsvaranlegar þannig að í bága fari við lög nr. 46/1980 og reglur settar samkvæmt þeim.

Starfsleyfi til reksturs gistiheimilis í húsinu var veitt af heilbrigðiseftirliti [...]. Eigandi váttryggingartaka gat ekki fyrir dómi með vissu staðfest hvenær umræddur gólflisti var settur á stigabrunina, hvort það hefði verið áður en starfsleyfi var veitt eða síðar. Kvað hún þunnum lista hafa verið komið fyrir af húsasmíðameistara yfir efstu brún stigans áður en gisting var opnuð í þeim hluta sem slysið varð, [...] sem byggt hafi verið um [...], og að listinn hefði verið límdur niður. Stefnandi, sem ber sönnunarbyrði um það að orsök slyssins sé að rekja til vanbúnaðar húsnæðisins, hefur ekki fært að því viðhlítandi rök eða stutt það gögnum hvernig slíkur frágangur brjóti í bága við þau fyrirmæli laga og reglugerðar sem hann vísar til. Athugasemdir heilbrigðiseftirlits við frágang á parketi á efri hæð sem fram koma í skoðunarskýrslu [...] einu og hálfu ári eftir slysið og eftir að umræddur listi var fjarlægður, styðja ekki með neinu móti við málalíbúnað stefnanda um vanbúnað við stigann á slysdag.

Þær myndir sem óumdeilt er að eru teknar af vettvangi slyssins bera með sér að þunnur listi liggur inn á og yfir parket á gólfi efri hæðar við brún stigans og er listinn lítillaga sveigður upp á einum stað, sem svarar til lýsingar stefnanda á þeim atvikum að hann hafi rekið ták á skóm í listann áður en hann féll niður stigann. Óumdeilt er að þessi listi var fjarlægður án þess að vinnueftirlitið skoðaði aðstæður og var það gert fljótlega eftir slysið samkvæmt framburði eiganda váttryggingartaka fyrir dómi og þá vegna þess að listinn hefði beyglast við slysið. Í vitnaskýrslu maka stefnanda, sem vann á sama stað, kom fram að þetta hefði verið gert tveimur til þremur vikum eftir slysið. Sem fyrr segir

voru engin vitni að slysinu en fyrir liggja umræddar myndir teknar af vettvangi á slysdag. Verður ekki séð að skipt hefði sköpum varðandi sönnun á atvikum og orsökum slyssins þótt vinnuveitandinn hefði, auk þess að senda tilkynningu til vinnueftirlits, sérstaklega kallað eftir rannsókn þess á aðstæðum áður en listinn var fjarlægður. Verður eins og atvikum er háttað ekki fallist á það með stefnanda að sönnunarbyrði um orsök slyssins verði lögð á stefnda vegna þess að slík rannsókn fór ekki fram.

Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram að hann hafði unnið á vinnustaðnum í rúma átta mánuði þegar slysið varð, þar á meðal við þrif og fleira í þessu tiltekna húsi. Hann kvaðst hafa verið við vinnu dagana fyrir slysið og hefði þá ekki séð neitt athugavert við stigann. Hann hefði aldrei séð neitt athugavert við gólflistann sem hann hrasaði um og teldi að hann hefði verið þarna allan tímann sem hann hafði unnið á staðnum. Dómurinn telur að stefnandi hefði, eftir þrif á umræddum gólfleti um átta mánaða skeið, átt að þekkja vel til allra aðstæðna við stiganefið.

Að öllu framangreindu virtu og gögnum málsins er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að orsök slyssins sé að rekja til vanbúnaðar húsnæðis eða hættulegra aðstæðna á vinnustað stefnanda sem váttryggingartaki beri ábyrgð á. Slysið verður að teljast óhappatilvik og því ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu váttryggingartaka úr ábyrgðartryggingu hans hjá stefnda. Þrátt fyrir þá niðurstöðu telur dómurinn eftir atvikum og með vísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 rétt að fella niður málskostnað milli aðila.

Stefnanda hefur verið veitt gjafsókn í málinu og verður allur gjafsóknarkostnaður stefnanda því greiddur úr ríkissjóði, þar með talin er málflutningsþóknun lögmanns hans, sem hæfileg er ákveðin ein milljón króna, án virðisaukaskatts.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., er sýknaður af kröfu stefnanda, A, um viðurkenningu á bótaskyldu vegna afleiðinga slyss stefnanda þann [...].

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með er talin þóknun lögmanns stefnanda, Jóns Stefáns Hjaltalín Einarssonar, 1.000.000 króna.

Kristrún Kristinsdóttir